Hafnarfjarðarbær
Innk: 26. 7. 2019
Málsnr: 1907072
Bréfal: 512

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar, Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 24. júlí 2019
Tilv.: FOR19070006/9.1.6

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 28. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá 2013-2025 og nýju deiliskipulagi fyrir hellirinn Leiðarenda.

Hinn 19. febrúar 2018, var gefið út landspildublað fyrir þjóðlenduna afrétt Álftaneshrepps hins forna, sem sýnir afmörkun þjóðlendunnar eftir úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2004, dags 31. maí 2006 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 768/2009, dags. 11. nóvember 2010. Samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 14. mars 2018 að stofna umrædda þjóðlendu í fasteignskrá.

Ráðuneytið vekur athygli á því að uppdráttur sem fylgdi með breytingu á aðalskipulagi, verður að vera í samræmi við umrætt landspildublað sem unnið var fyrir ofangreinda þjóðlendu, sem hefur verið stofnuð í fasteignaskrá og eignarheimildum íslenska ríkisins þinglýst á þá eign.

Hnit fyrir einstaka punkta fyrir þjóðlenduna má sjá á meðf. landspildublaði fyrir afrétt Álftaneshrepps hins forna.

Mikilvægt er að áfram verði haft samráð við forsætisráðuneytið þar sem umrætt svæði er þjóðlenda. Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku, náma og annarra jarðefna innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Ráðuneytið gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi bæjarins og nýtt deiliskipulag fyrir Leiðarenda.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Regína Sigurðard.
Regína Sigurðardóttir

# LANDSPILDUBLAÐ - AFRÉTTUR ÁLFTANESHREPPS HINS FORNA - HAFNARFJARÐARBÆR




FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

## Hnitaskrá:

| | x-hnit(austur) | y-hnit(norður) |
|---|---|---|
| al1 | 363196 | 394509 |
| al2 | 367856 | 391083 |
| al3 | 370314 | 387831 |
| al4 | 366180 | 387484 |
| al5 | 367265 | 388838 |
| al6 | 362514 | 389054 |

## Skýringar:

- O xy1 — Hnitpunktur og númer hnitpunkts
- Afmörkun landspildu
- F=100 km² — Flatarmál landspildu
- Mörk sveitarfélaga
- Jökull
- Stöðuvatn, á
- 20m-hæðarlínur

## Flatarmál: 26 km²

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.

Kortagrunnur á þessu korti er byggður á stafrænum gögnum Landmælinga Íslands í mælikvarða 1:50.000 (is50V) og hnitakerfi ÍSN93.

Fyrirvari er um nákvæmni hnitpunkta í hnitaskrá þar sem skekkjumörk geta verið allt að 500 m. Textalýsing á afmörkun þjóðlendu er ávallt rétthærri en hnitin.

Grunnkort birt með leyfi Landmælinga Íslands.

FYLGIKORT MEÐ UMSÓKN
UM STOFNUN ÞJÓÐLENDU:

Landnúmer þjóðlendu: ______

Land innan eftirfarandi marka, þ.e Afréttur Álftaneshrepps hins forna (norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness), er þjóðlenda og afréttur jarða í Álftaneshreppi hinum forna, nú Hafnarfirði. Afmörkun svæðisins er svohljóðandi, sbr. Hrd. 768/2009 og einnig meðfylgjandi kort:

*Frá Húsfelli (al1) er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka (al2) og þaðan í Bláfjallahorn (al3). Frá Bláfjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell (al4) og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna (al5). Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húsfelli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadölum (al6). Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu síðan fylgt í áðurnefnt Húsfell (al1).*

Landsvæði þetta er þjóðlenda og um slík landsvæði fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

Landeigandi: Íslenska ríkið, skv. 2. gr. laga nr. 58/1998.
Forsætisráðherra, skv. d-lið, 5. tölul. 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 84/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.
Kennitala: 540269-6459

| MKV. - BLAÐSTÆRÐ | KORTI BREYTT: | DAGS. KORT: | KORT NR: |
|---|---|---|---|
| 1:250.000 í A3 | | 19.02.2018 | SV4-ALF |

SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN:

| TEIKNAÐ AF: | SAMÞYKKT AF: | VERK NR: |
|---|---|---|
| SF/GG | OH | 206-027 |


AUSTURVEGI 6 800 SELFOSS sími: 482 4090 faxnr: 482 3542
netfang: landform@landform.is veffang: www.landform.is
LANDFORM